Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár).......5000 kr

9. tölublað | Þriðjudagur 15. mars 1977 | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Geislavirkur úrgangur frá Keflavík



Stéttabaráttan hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því, að kjarnavopn séu geymd á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt heimildum okkar er vikulega flutt ır 7 til 50 kílóa pakki mið geislavirkum úrhangsefnum frá herstöðinni. Flugvélar bandaríska herliðsins sjá um flutningana á úrganginum. Úrgangur sem þessi er án alls vafa frá kjarnavopnum sem höfð eru í geymslu á vellinum.

Kjarnavopn í aðildarlöndum NATO.

Á undanförnum áratugum hefur það nokkrum sinnum komið fyrir, að herflugvélar bandaríska hersins hafa hrapað með kjarnavopn innanborðs. Fyrir u.þ.b. áratug fórust 2 slíkar vélar, önnur yfir Grænlandi en hin yfir Spáni. Víðtæk leit var gerð að sprengjum þessum og sú sem týndist yfir Spáni fannst eftir langa leit. Það þarf ekki að leiða getum að skaðsemi kjarnavopna og þeim geislavirka úrgangi sem frá þeim kemur. Nánasta umhverfi er mikil hætta búin, ef herflugvél með slíka byrði hrapar yfir t.d. Reykjavík eða Reykjanesi. Bandaríska herstjórnin á Keflavíkurflugvelli hefur neitað að gefa upplýsingar um það, hvort þar séu geymd kjarnavopn og aðspurður sagði yfirmaður vallarins, að stefna Bandaríkjanna væri sú, að segja bæði já og nei, þegar spurt væri um staðsetningu kjarnavopna. Orsökin væri öryggismál Bandaríkjahers og NATO. En kjarnavopnin ógna íbúum aðildarlanda NATO. Hér sannast enn einu sinni, að bandarísku heimsvaldasinnarnir á Keflavíkurflugvelli, eru hér til að verja arðránshagsmuni risaveldisins í vestri. Og þeir skeyta engu um hagsmuni eða öryggi íslensku þjóðarinnar þegar hernaðarlegir hagsmunir Bandaríkjanna eru annars vegar.

Krafa okkar er: Engin kjarnavopn á Íslandi.

Það hlýtur að vera krafa allra andstæðinga heimsvaldastefnunnar og allra andstæðinga styrjaldar að kjarnavopnin, sem geymd eru á Keflavíkurflugvelli verði þegar flutt burt. Við hvetjum alla þá aðila, sem eru mótfallnir geymslu kjarnavopna á Íslandi, til að taka undir kröfu okkar um að kjarnavopnin verði þegar flutt á burt. Baráttan gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og ásælni hennar hérlendis er mikilvæg, þegar tekið er tillit til þess vígbúnaðaræðis og styrjaldarundirbúnings, sem ríkir milli risaveldanna tveggja - USA og Sovét - á N-Atlantshafssvæðinu. Íslensk alþýða þarf að vakna til meðvitundar um þá hættu sem stafar af ásælni og yfirgangi risaveldanna og búa sig undir að mæta heimsstyrjaldarhættunni, sameinuð og sterk. Við verðum að krefjast þess, að öll kjarnavopn verði þegar flutt burt frá vellinum, það er mikilvægur liður í baráttunni fyrir úrsögn Íslands úr NATO, árásarbandalaginu og skilyrðislausum brottrekstri bandaríska herliðsins frá Íslandi.

Baráttueining 1. MAÍ

Kommúnistaflokkur Íslands m-l hefur nú frumkvæði að senda út stefnugrundvöll "Baráttueiningar" fyrir væntanlegar 1. maí aðgerðir. Eins og áður verður reynt að stuðla að sem mestri samstöðu um aðgerðirnar og þess vegna hefur fjölmörgum samtökum verið sendur þessi stefnugrundvöllur.

Aðgerðir "Baráttueiningar" í Reykjavík verða með svipuðu sniði og áður, nema reynt verður að hefja undirbúning fyrr en oft áður. Þess vegna eru þeir sem telja sér fært að taka þátt í aðgerðum "Baráttueiningar" beðnir um að tilkynna þátttöku sína sem fyrst (undirbúningsfundur verður haldinn snemma í mars, nánari tímasetning fer eftir samkomulagi). Á þessum fundir verður tekin afstaða til kjörorð og skipulags göngunnar.

Til að gera sem flestum mögulegt að taka þátt í kröfugöngu "Baráttueiningar" leggjum við fram tillögu um að göngunni verði skipt upp í deildir, sem taki fyrir fáa málaflokka. Þannig geta einstakir aðilar göngunnar tekið þátt í þeim hluta hennar sem passa þeirra samtökum. Einstakir aðilar göngunnar þurfa þá ekki að taka afstöðu til kjörorða annara deilda en sem þeir taka þátt í auk aðalkjörorðs göngunnar.

Tillögur okkar um kjörorð göngunnar eru þessi:
Aðalkjörorð göngunnar verði: "Eining og starf á grundvelli stéttabaráttunnar".

Kjörorð

1. Fagleg deild

Aðalkjörorð:

Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.
Gegn stéttasamvinnu ASÍ - gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.
Stétt gegn Stétt.

Önnur kjörorð:

Fullar vísitölubætur á laun.
Gegn nýju skattalögunum.
Skattlaus þurftarlaun - skattleggið auðvaldið.
Stöndum vörðum um samnings-og verk fallsréttinn.
Gegn kreppuuppsögnum - trygga atvinnu.
Gegn nýju vinnulöggjöfinni.
Jafnrétti til náms.
Samstaða - námsfólk - vinnandi alþýða
Ofl. eftir samkomulagi.

2. Andheimsvaldasinnuð deild

Aðalkjörorð:

Niður með alla heimsvaldastefnu.

Önnur kjörorð:

Ísland úr NATO - herinn burt.
Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna. USA og Sovét.
Fullan stuðning við þjóðfrelsisöfl heimsins.
Ísland fyrir verkalýð og vinnandi alþýðu.

Að auki stuðningskjörorð við þjóðfrelsis- og lýðræðisbaráttu Palestínu, Chile, Spánar, Afríku og víðar.

3. Kvennadeild

Aðalkjörorð:

Kvennabarátta er stéttabarátta.

Önnur kjörorð:

Jafnrétti til starfs og launa.
Trygga atvinnu kvenna.
Auk fleiri kjörorða eftir samkomulagi.

Bókabúðin Rauða Stjarnan Lindargötu 15. tekur við þátttökutilkynningum, sími 27810.

Kommúnistaflokku Íslands m-l.

94 ár frá dauða Marx



Þann 14. mars voru liðin 94 ár frá dauða Karls Heinrich Marx, en hann lést í Lundúnum og hvílir í Highgate-kirkjugarðinum þar. Æviverk þessa mikilhæfa vísindamanns og baráttuleiðtoga, hefur markað svo djúp sopr í samtíma sögu, að enginn einn maður hvorki fyrr né síðar hefur haft jafnmikil áhríf á þróun og framvindu mannkynssögunnar. Meðan hann lifði og starfaði í þágu öreigalýðsins, hlaut hann ofsóknir afturhaldsins að launum. Marx var meinuð landvist í allflestum löndum álfunnar og bjó við sáran skort síðustu æviár sín. En hann átti hylli og aðdáun hins vinnandi og arðrænda manns í

Lýðræðisleg ákvörðunartekt

Fyrir kjarasamninga í Straumsvík hefur sá háttur verið hafður á, undanfarin ár meðal verkamanna í Straumsvík, að þeir hafa kosið sér fulltrúa frá hverri vakt, sem koma saman til að ræða kröfurnar fyrir komandi samninga. Fulltrúarnir hafa síðan samband við sína vakt, þar sem málin eru rædd frekar. Á þennan hátt er tryggt að umlýðræðislega ákvarðanatekt verkamannanna sjálfra sé að ræða, því þeir móta sjálfir kröfurnar. Þetta skipulag á þó, enn sem komið er, aðeins við um kerskálana, en það er fjölmennasta deildin á svæðinu.
Síðari hluta febrúar voru kjörnir fulltrúar, tveir af hverri vakt, sem þýðir ca. einn fulltrúi fyrir hverja 10 - 15 starfsmenn, og voru þeir kallaðir á fund með trúnaðarmanni í kerskála þann 1. mars s.l.
Þar voru ræddar nokkrar kröfur fyrir komandi samninga. Má telja þetta mjög góðan fyrirvara á málunum þar sem samningar í Straumsvík renna ekki út fyrr en 1. júní eða mánuði síðar en á almennum vinnumarkaði.
Meðal krafa sem fram hafa komið, eru að kauphækkun verði ekki minni en á almennum vinnumarkaði, fullar vísitölubætur á laun, hækkun vaktaálags og að allir í kerskála verði í sama launaflokki. Auk þess er svo mikilvæg krafa, sem hljóðar upp á það, að verkamenn geti lagt niður vinnu án skerðingar á launum, ef fyrirtækið verður ekki við kröfum þeirra um bættan aðbúnað. Slíka vinnustöðvun skal boða með viku fyrirvara, en þó má fresta henni, ef fyrirtækið hefur þegar hafið endurbætur á aðbúnaði, áður en til verkfalls kemur. Þessi krafa er mjög mikilvæg sökum þess, að öryggisútbúnaði og mengunarvörnum er mjög ábótavant í álverinu, eins og komið hefur fram í Stéttabaráttunni og ýmsum blöðum öðrum.
Sú krafa hefur jafnframt komið fram, hjá mörgum starfsmönnum, að vinnuvikan, á vöktum a.m.k. verði stytt verulega, en vaktavinnumenn vinna að jafnaði 42 klst. á viku. Skráður vinnutími er hinsvegar 36 klst. og 20 mín. en mismunurinn kemur fram í vetrarfríi. Þessi krafa er einnig þýðingarmikil, ekki síst frá heilsufarslegu sjónarmiði. Slík krafa yrði þó einungis framkvæmanleg á þann hátt að bæta einni vakt við og myndi þá raunverulegur vinnutími á hverri vakt vera 33-34 klst. Þessi þýðingarmikla

LEIÐARI

Lýðskrum AB forystunnar

Fyrstu helgina í mars var haldinn miðstjórnarfundur Alþýðubandalagsins, sem vart telst til tíðinda. Þar var samþykkt ályktun um kjaramál, sem opinberar ljóslega borgaralegt eðli Alþýðubandalagsins og traust forystunnar á kapitalismanum. Í henni segir orðrétt:"Reynslan sýnir, að árangur kjarabaráttu verkafólks í landinu verður aldrei tryggður þegar ríkisstjórnir atvinnurekenda og eignastétta sitja við völd. Því áréttar fundurinn samþykkt síðasta þings ASÍ að brýnasta hagsmunamál verkafólks sé að ríkisstjórn íhaldsaflanna víki".

Alþýðubandalagsforystan hefur jafnan sömu súpu á borðum. Hún er þess fullviss, að íslenska auðvaldsþjóðfélagið tryggi árangur kjarabaráttu verkalýðsins, aðeins ef Sjálfstæðis-og Framsóknarflokkurinn láta af ráðherraembættum. Að sjálfsögðu fylgir það ætluninni, að AB-forystan setjist við stjórnvöl íslenska auðvaldsþjóðfélagsins í staðinn. En hefur kapitalisminn þá verið upprættur? Hefur arðránið þá verið brotið á bak aftur? Nei, vinnandi fólk hefur ekki gleymt valdaárum "vinstristjórnanna" sálugu. Þótt AB-kratarnir komist í ráðherrastólana, breytir það engu um aðstöðu verkafólks á vinnustöðunum. Ætli verkamenn hafi ráðið nokkru meir um framleiðsluna, þótt AB-foringjarnir hafi komist á ráðherralaun? Það liggur í augum uppi, að arðránseðli kapitalismans hefur ekkert breyst, þótt svo AB-foringjarnir liggi flatir fyrir herrum sínum og breimi fyrir verkafólki að kjósa sig til embætta. Marx sagði "frelsun verkalýðsins verður að vera verka hans sjálfs" og orð hans halda fullu gildi enn í dag. Ríkissósíalistarnir í AB-forystunni hafa heldur ekki verið ófeimnir við að setjast að sömu kjötkötlum og flokkarnir sem þeir kalla nú fulltrúa "atvinnurekenda og eignastéttar". Var ekki Framsókn í vinstristjórninni og íhaldið í Nýsköpunarstjórninni 1942? Og voru þessir flokkar ekki fulltrúar "atvinnurekenda og eignastéttar" líka þá? En ef AB-forystan gekk í eina sæng með þeim þá, hverjum var hún þá að þjóna nema "atvinnurekendum og eignastétt"? Nei. lýðskrum AB-forystunnar verður ekki alltaf jafnnýtt af nálinni. Verkafólk lærir að þekkja óvini sína af reynslunni. Og þó kastar fyrst tólfunum, þegar segir í sömu ályktun, að AB-forystan "skori á allt verkafólk að taka virkan þátt í starfi verkalýðsfélaganna". Eru það ekki einmitt AB-forkólfarnir Eðvarð og Guðmundur í Dagsbrún, Aðalheiður í Sókn og aðrir, sem brjóta niður lýðræðið í verkalýðsfélögunum og meina almennum félögum máls og starfs innan félaganna? Það þekkja þeir best sem hafa einhvern tímann mætt á fundi þessara félaga. AB-forystan hefur sjálf litla reynslu af fundum verkalýðsfélaganna því hún er ekki úr verkalýðsstétt. En þeir AB-foringjar sem mæta á fundi verkalýðsfélaganna koma vissulega ekki til að hvetja verkafólk til virkni og aukins starfs, heldur til að rífa niður baráttuandann, telja kjarkinn úr félagsmönnum og eyðileggja starfsemi félaganna. Ef árangur á að verða af baráttu verkafólks, er ekki nóg að beina henni gegn atvinnurekendunum á hverjum vinnustað. Við þurfum líka að heyja stríð gegn stjórnspekingum auðstéttarinnar, hvort sem þeir nefna sig "sósíalista" eða íhaldsmenn. Án þess að áhrifum þeirra verði eytt innan verkalýðsfélaganna, verður árangurinn af baráttu okkar aldrei neinn. Kjörorð okkar verður að vera : Burt með svikula forystu - Gerum félögin að baráttutækjum stéttarinnar.

13.3.1977.

Frá fundi 8.mars

Þriðjudaginn 8. mars gekkst Kommúnistaflokkurinn fyrir opinberum fundi í tilefni Alþjóðlegs baráttudags verkakvenna. Á fundinum töluðu Soffía Sigurðardóttir iðnverkakona, Lilja Kristjánsdóttir afgreiðslustúlka og Guðrún Guðlaugsdóttir las upp. Auk þess flutti Hjördís Bergs baráttusöngva. Fundinn sóttu um 40 manns, en hann var haldinn í Ingólfs Café.

Soffía rakti sögulegar rætur kúgunarinnar, sem konan býr við í nútíma þjóðfélagi og helstu áfanga kvenfrelsisbaráttunnar. Guðrún las upp grein eftir Gerði Óskarsdóttur um konuna í Kína þar sem ýtarleg grein er gerð fyrir frelsisbaráttu kínverskra kvenna og þeim árangri sem þær hafa náð.

Þá rakti Lilja baráttu mjolkurbúðastúlkna í haust sem leið og gerði þætti verkalýðsforystunnar rækileg skil. Var gerður góður rómur að máli þeirra allra. Á fundinum var samþykkt einróma ályktun, sem birtist hér að neðan:

"Í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu er konan kúguð á margvíslegan hátt. Auk þess sem verkakonan er arðrænd af atvinnurekendunum, vinnur hún erfiða vinnu heima fyrir, sem engin laun eru greidd fyrir. Konur njóta ekki jafnréttis á við karla til starfs, náms og launa, þótt lögin kveði á um það. Þess vegna er nauðsynlegt að efla jafnréttisbaráttu kvenna sem mest. Mikilvægur liður í því, er að berjast gegn frumvarpi um ný skattalög sem liggur fyrir Alþingi, en þau verða þess valdandi að konur hrekjast burt af vinnumarkaðinum. Baráttan fyrir frelsun konunnar er nátengd frelsisbaráttu verkalýðsstéttarinnar. Án kvenna verða engar þjóðfélagsbreytingar að raunveruleika. Þess vegna þarf að skipuleggja og efla jafnréttisbaráttu kvenna og endurvekja baráttuhefðir íslenskra verkakvenna.

Fullt jafnrétti til starfs, náms og launa.
Kvennabarátta er stéttabarátta.

Aðalheiður kom ekki

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var auglýst sem ræðumaður á opinberum fundi KFÍ/ML í tilefni Alþjóðlegs baráttudags verkakvenna þann 8. mars s.l Hún hafði samþykkt að mæta á fundinn alllöngu áður en hann var haldinn, en þegar líða tók að fundardeginum, tók "baráttukonan" að ókyrrast Loks fjórum dögum fyrir fundinn hringdi hún og kvaðst ekki ætla að mæta því fundurinn væri of "einangraður". Þótt Aðalheiður gengi þannig á bak orða sinna, er ekki ljóst hvort henni hafi í raun og veru þótt fundurinn vera "einangraður" eða ekki. Alla vega jók framkoma hennar ekki á "samstöðuna" meðal kvenna þennan baráttudag. Trúlegra er þó að vinir hennar í AB-forystunni, hafi kippt í spottann og bannað henni að vanhelga vé sín með því að tala á fundi sem skipulagður væri af kommúnistum. Fyrir AB-krötunum vakir skiljanlega ekkert annað er eigin hagsmunir. Þeim er fyrirmunað að sjá nauðsyn þess, að víðtæk samstaða kvenna náist í jafnréttisbaráttunni og í anda lærifeðra sinna í Moskvu, taka þeir afstöðu gegn byltingarbaráttunni í hverri mynd sem hún birtist. Víst er, að allur glansinn fellur af Aðalheiði sem deildarstjóra "órólegu deildarinnar" innan ASÍ, við þessa framkomu Hún er jafn taumgæf og hinir forsprakkarnir í Alþýðubandalaginu.

Fölsuð vísitala

Í hvert skipti sem kaupgjaldsvísitala og "vísitölubætur" til launafólks er reiknað út, verðum við vitni að því hvað vísitalan og rauðu strikin, sem eiga að tryggja að kaupmátturinn haldist, duga skammt. Og hvernig atvinnurekendur og ríkisvald nota öll brögð til að skerða hlut launþega. Vísitala er aðeins reiknuð á þriggja mánaða fresti og verka vísitölubætur ekki aftur fyrir sig. Þannig eru verðhækkanirnar yfirleitt látnar skella á fljótlega eftir að vísitöluhækkun kemur til framkvæmda. Svo launafólk verður að bera þær óbættar í nokkra mánuði. Búvörur eru mikilvægur liður í vísitöluútreikningunum og eru þær oftast notaðar af ríkisvaldinu til að falsa vísitöluna. Ef búvöruhækkun verður á seinni hluta vísitölutímabilsins er nær undantekningarlaust að niðurgreiðslur eru auknar svo hækkunin komi ekki fram sem launahækkun til verkafólks. Hins vegar eru niðurgreiðslur yfirleitt ekki auknar þegar búvöruverð er hækkað í byrjun nýs vísitölutímabils. Rauðu strikin sem ASÍ-forystan samdi um í stað vísitölubótanna koma enn óhagstæðar út fyrir launafólk. Samkvæmt þeim er vísitalan reiknuð út á 4 mánaða fresti og ef hún hefur þá náð þessum ákveðnu strikum, eru greiddar bætur á það sem fer framyfir. Þessar bætur koma ekki til útborgunar fyrr en mánuði eftir að þær eru reiknaðar út. Fyrsta febrúar voru þessar "vísitölubætur" rauðu strikanna síðast reiknaðar út og gáfu um 2-2 1/2 % kauphækkun, sem kom til framkvæmda 1. mars. Daginn áður en þessi hækkun kom til framkvæmda samdi framleiðsluráð landbúnaðarins um hækkun búvöruverðs um 5-7% frá og með 1. mars. Þess hækkun kemur ekki inn í útreikninga vísitölu fyrr en 1. júní og fengi launafólk því bætur vegna þessa 1. júlí. Dálagleg kjarabót það.
Þessi hækkun á búvörum er aðeins eitt dæmi af ótal mörgum um það hvernig nuverandi kerfi virkar. Í komandi kjaraátökum verður því allt launafólk, bæði innan ASÍ og BSRB að standa saman um kröfuna um órari bætur, þ.e. að vísitalan sé reiknuð út og bætur greiddar mánaðarlega. Einnig þarf launafólk að vera vel á verði gegn tilraunum til að falsa vísitöluna Það er aðeins með slíkri samstöðu, sem við getum búist við að kaupmáttur sem næst fram með baráttunni verði tryggður.

framhald af forsíðu

94 ár frá dauða Marx

öllum framþróuðum löndum veraldarinnar. Marx sameinaði óvenjulega andagift, leiftrandi mælsku og harðfylgi baráttumannsins. Ásamt Friedrich Engels, skóp hann grundvöll marxismans-lenínismans, fræðikenningu og heimssýn öreigastéttarinnar. Hann sýndi fram á að iðnverkalýðurinn var til þess kjörinn, að leiða hinn vinnandi fjölda til frelsunar undan þeim hlekkjum, sem launa vinnuþrælkun og arðrán kapitalismans lagði á herðar hans Hann skilgreindi innviðu auðvaldsþjóðfélagsins af slíkri snilld og vísindalegri nákvæmni, að enn hefur enginn hagfræðingur tekist á við jafn viðamikil vandamál og fundið lausn þeirra , eins og hann. En Marx var ekki bara vísindamaður, hann stóð í fylkingarbrjósti fyrir verkalýð iðnaðarlandanna sem þá var að stíga fyrstu leitandi skrefin í frelsisbaráttu sinni, vísaði honum veginn og stjórnaði fyrsta Alþjóðasambandi verkalýðsins. Skilgreiningar hans á alræði öreigastéttarinnar í uppreisn Parísarverkalýðsins árið 1870 vísuðu brautina fyrir hinar miklu byltingar 20. aldarinnar. Orð og kenningar Marx hafa enn fullt gildi og í þeim býr kraftur og kynngi þess, sem hefur gert djúptæka rannsókn og alhliða athugun á viðfangsefni sínu. Við minnumst Marx með hinum fleygu orðum Kommúnistaávarpsins, sem hann og F. Engels rituðu árið 1848: "Kommúnistar hirða ekki um að leyna skoðunum sínum og ætlunum. Þeir lýsa því yfir afdráttarlaust að takmarki þeirra verði því aðeins náð, að allri þjóðfélagskipaninni verði steypt af stóli með valdi. Lofum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltinguna. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna. Öreigar allra landa sameinist!

framhald af baksíðu

Sigur!

ævinlega samþykkt með lýðræðisöflum gegn afturhaldi. Ég hlakka til að starfa að hagsmunamálum námsmanna.

framhald af baksíðu

FRÁ BARÁTTUHREYFINGU...

3. Sérstök aðstoð verði veitt því fólki sem hyggst hefja nám eftir þátttöku í atvinnulífinu.
4. Nemendur allra framhaldsskóla öðlist sama rétt til námsaðstoðar.

Svo fór að lína ElKara og klofningsmannanna varð undir.

Á næstunni munu félagar í BHN leggja á það höfuðáherslu að skipulegt starf hefjist á vegum KBN í öllum skólum.

Mun Námsmannablaðið koma út á næstunni en það er málgagn BHN. Mun STÉTTABARÁTTAN annast milligöngu fyrir það fólk út á landi eða erlendis sem óskar eftir að fá það sent.

framhald af forsíðu

Lýðræðisleg ákvörðunartekt

krafa nær þó aðeins fram að ganga, ef alger samstaða og baráttuvilji verkamannanna er fyrir hendi. Svo aftur sé vikið að því fyrirkomulagi, sem starfsmenn í kerskála hafa myndað með sér í kjarabaráttunni, að þá er þetta ekki einungis fordæmi fyrir aðrar deildir á svæðinu, heldur verkalýðinn almennt þar sem hann er skipulagður í framleiðslunni Þetta fordæmi verkamanna í Straumsvík sýnir okkur líka fram á nauðsyn þess, að kröfurnar séu mótaðar af verkamönnum sjálfum, á vinnustöðunum sem grunneiningum verkalýðsfélaganna, en ekki á skrifstofum verkalýðsforingjanna eins og almennt tíðkast.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?


Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.

Neskaupstaður: Messíana Tomasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.

Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c Keflavík.

Útþennsla Sovétríkjanna í Evrópu



Sovétríkin leggja sífelt aukna áherslu á vopnabúnað sinn

Undir merkjum "þíðu" og "gagnkvæmar efnahagsaðstoðar" hafa tengsl Sovétríkjanna við vesturlönd á sviði viðskipta og verslunar aukist gífurlega frá byrjun 7. áratugsins. Á 25. þingi sovéska kommúnistaflokksins lýsti Bréfsnef því yfir að þessi tengsl hefðu tekið eðlisbreytingum.

Rökstuðningur Kremlherranna fyrir sífellt meiri efnahagstengslum USSR við Vesturlönd er sá að með þeim séu tryggðir nýir markaðir, framleiðslan muni aukast, atvinna verkamanna sé tryggð, komið sé í veg fyrir efnahagskreppu og verðbólgan minnkuð. Í stuttu máli, ef Vesturlönd auki efnahagssamvinnuna við Sovét verði hægt að útrýma þeim ólæknandi sjúkdómum sem kapítaliskt hagkerfi búi yfir.

Jafnframt þessu segja Kremlherrar að viðskiptin við Vesturlönd leiki aðeins aukahlutverk í sovéska hagkerfinu. Það er fjarri sannleikanum. Ástæðan til þess að sovétmenn vilja auka verslun og efnahagsleg viðskipti við Vesturlönd er fyrst og fremst sú, að pólitísk og efnahagsleg kreppa fer dýpkandi í Sovétríkjunum. Innflutningur fjármagns og tæknibúnaðar frá kapítalistum vesturlanda er Moskvu leið til að efla hernaðarbúnað sinn, styrkja það efnahagslíf sem metur meir byssur en brauð.

Hagkerfi USSR er háð stuðningi Vesturlanda.

Frá því að gagnbyltingin var gerð í Sovétríkjunum hafa endurskoðunarsinnarnir stöðugt aukið hernaðarútþenslu sína og baráttu fyrir heimsyfirráðum. Þetta hefur valdið ójafnri þróun haglífsins og alvarlegu jafnvægisleysi í þjóðarframleiðslunni. Annars vegar hefur vopnaiðnaður vaxið geysilega og miklu magni vinnuafls, auðmagn og hráefna verið varið til að byggja upp hrikalega stríðsvél.

Sem dæmi um þetta er að þótt þjóðarframleiðsla USSR sé aðeins um 40% af þjóðarframleiðslu USA, þá eyða þau meiru í útgjöld til hermála. Hins vegar hefur skortur á tæknibúnaði og fjármagni valdið stöðnun í "borgaralegum" iðnaði, sérstaklega neysluiðnaði. Ennfremur hefur léleg uppskera undanfarin ár valdið algjöru öngþveiti í efnahagslífinu.

Innanlandserfiðleikar USSR endurspeglast náttúrulega í utanríkisversluninni. Frá miðjum 7./áratugnum hefur innflutningur frá Vesturlöndum numið mun meiru en útflutningi fyrir utan örfá ár. Vöruskiptajöfnuðurinn var þannig óhagstæður um allt að 4.800 milljónir bandaríska dala í fyrra. Frá 1975 hafa Sovétríkin keypt 20 milljónir tonna af korni frá Vesturlöndum, þar af 16 millj. frá USA. Talið er að þau þurfi frá 3.500,-4.000 millj. dala í erlendur gjaldeyri til að greiða þetta. Nýlega var sagt frá því í vestrænum blöðum að Sovétríkin vildu kaupa 15 milljón tonn í viðbót frá Bandaríkjunum, Kanada og fleiri ríkjum. Það merkir að Kremlherrarnir verða að taka enn frekari lán frá vestrænum bönkum og selja gullforða sinn til að jafna þessi viðskipti.

Pappírstigrísdýr...

Versnandi staða hagkerfisins afhjúpar hrörnandi eðli sovéska sósíal-heimsvaldastefnunnar sem er sterk á yfirborðinu en myglað innvortis. Þetta er í samræmi við það sem Mao Tse-tung benti á: "Endurskoðunarstefnan í Sovétríkjunum er pappírstígrísdýr líka". Til að bjarga sér út úr erfiðleikunum reyna Kremlherrarnir tvær leiðir. Annars vegar reyna þeir að þenja út viðskipti við vesturlönd undir merkjum "gagnkvæmrar efnahagsaðstoðar". Hins vegar auka þeir arðránið á þjóð sinni og áhrifasvæðum sínum.

Óhagstæður viðskiptajöfnuður.

Fyrir 1955 var verslun USSR við Vesturlönd minna en 20% af heildar utanríkisvveslun þeirra. 1965 voru viðskiptin komin upp í 2.820 millj. rúbla. 1975 höfðu þau aukist upp í 15.800 milljónir eða 31.2% af utanríkisverslun Sovétríkjanna. Viðskiptin við einstök ríki vesturlanda jukust jafnvel enn meira á þessu tímabili. Til dæmis margfölduðust þau 19 sinnum við USA. Sovétríkin flytja aðallega út olíu, hráefni og hálfunnar vörur til Vesturs og megininnflutningur er vélar og tækjabúnaður. Á árunum 1970-1975 var aukning á þessum innflutningi fimmföld.

En Sovét er ekki ánægð með aukin viðskipti við Vesturlönd eingöngu. Þau vilja hafa beina "samvinnu" í sviði iðnaðarframleiðslu, vísinda og tækni og hafa leitað eftir langtímasamningum í þessu skyni.

Skuldir Kreml við ríki Vesturlanda hafa margfaldast seinustu ár. Talið er að í dag nemi þær 20.000 milljónum bandaríska dala. Opinberað hefur verið að Sovétríkin muni auka heildarlánin frá vestrænum bönkum um 10.000 milljónir vegna tækjakaupa í sambandi við nýja fimm-ára áætlun

Yfirráðastefna

Með þessum auknu tengslum vilja Kremlherrar auka útþenslu sína í Evrópu, gera hana að áhrifasvæði sínu og koma áformum sínum um heimsyfirráð í framkvæmd. Auk þess sem Sovét hefur efnahagslegan hag af þessu, fær lán, tæknibúnað og korn, þá er hér kjörin leið fyrir endurskoðunarsinnanna til að þenja út herbúnað sinn og auka stríðsundirbúninginn.



CARTER OG ÞRIHLIÐA NEFND IN.

Lengi mun sú goðsögn lifa að Jimmi Carter núverandi forseti Bandaríkjanna hafi risið upp til embættis vegna þess hve vel hann sameinaði kröfur bandaríska kjósenda um velferð, öryggi, og stjórn. Staðreyndir í þessu máli eru því miður lítt þekktar og er rétt að reifa þær nokkuð hér.

Framboð Jimmi Carters hefur nefnilega verið undirbúið lengi og vel af valdamiklum aðilum þar vestra. Meðal þeirra er að finna forstjóra Chase Manhattan Bank, Bank of America, Coca- Cola, Bendix Corporation, Catepillar Corporation, Lehman Brothers, Sears and Roebuck, Texas Instruments, Exxon, Hewlett-Packard, C.B.S. og fleiri.

Þessir menn ásamt nokkrum íhaldssömum verkalýðsleiðtogum, háskólamönnum og aðeins 10 stjórnmálamönnum, (þar á meðal Jimmi Carter og varaforsetinn Walter Mondale), mynda bandarísku deildina í hinni lítt þekktu "Þríhliða nefnd" (Trilateral Commission)."

Þessi nefnd var stofnuð árið 1973 af David Rockefeller, stjórnarformanni Chase Manhattan Bank, en formaður nefndarinnar hefur verið prof. Zbibnew Brzezinski aðalráðunautur Jimmi Carters.

Í nýrri skýrslu sem Þríhliða nefndin gaf út, (The Crisis of Democracy), er það sett fram að hið frjálslynda lýðræði sem lönd Þríhliða nefndarinnar búa við, (Vestur-Evrópa, Japan, N- Ameríka), sé að verða óstjórnanlegt. Menntamenn og blaðamenn ógni lýðræðinu og væri æskilegt að auka "autoritet hugtakið" (þ,e. stjórn, aga, röð og reglu). Skýrslan telur einnig æskilegt að auka til muna bönd þau sem fyrir hendi milli hinna þróuðu kapitalísku landa til að hamla gegn vaxandi andspyrnu þróunarlandanna og sókn vinstrisinnaðra afla í Vestur-Evrópu.

Þótt Þríhliða nefndin sé samsett af um 200 háttsettum einstaklingum, aðallega á sviði iðnaðar og viðskipta, með jafnri skiptingu milli hinna þriggja svæða er það álit prof. Richard Ullman sem kennir "alþjóðasamskipti" við Princeton háskóla að hið þríhliða hugtak sé algerlega bandarísk smíði, enda var nefndin sett á laggirnar af Bandaríkjamönnum og hún þróuð áfram þar. Miðað við valdahlutföll milli Japans, Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu er nefndin því fyrst og fremst tæki til styrktar heimsvaldastefnu Bandaríkjanna.

Rauður vettvangur Frá Lesendum **Rauður vettvangur** Frá Lesendum

FRÁ FÉLAGA

Félagar. Í 5. tbl Stéttabaráttunnar 1977 kemur fram gagnrýni á stéttgreiningu sjómenninganna í formála fyrir greininni „Klíka fjórmenninganna og Trotskistarnir". Í 6. tbl. kemur svo fram gagnrýni á stéttgreiningu EIKm-l og er hún, (gagnrýnin), í leiðara blaðsins. Þar sem formálinn er ómerktur og leiðarinn á að túlka afstöðu flokksins, þá þykir mér þarna undarlega að verki staðið, vegna þess að mér er ekki kunnugt um að búið sé að afgreiða stéttgreiningu flokksins, ég á við að afstaða hefur ekki verið tekin til þeirra sem komið hafa fram. Sé þetta rangt hjá mér vil ég fá upplýsingar um hvenær málið var afgreitt. En sé þetta rétt hjá mér, þá þarfnast þessi vinnubrögð nánari skýringa. Með kveðju félagi.



Heiðarleiki „einingarsamtakanna"

Verkalýðsblaðið, málgagn Eik-ml, fagnaði nýju ári í 1. tbl. '77, fullt af fádæma sjálfhóli , svo að nálgaðist Þjóðviljabullið á 40 ára afmæli hans nú í haust, og er þá langt til jafnað. Hvað veldur þessum aukna sjálfbirgingshætti "einu marx-leníniskusamtakanna", eins og þau heita í leiðaranum. Orsökin er opinberun þeirrar umræðu sem nú fer fram innan KFÍ/ML. Sú opinberun varð við hentistefnulega úrsögn nokkurra félaga úr flokknum Starfsaðferðir þessara félaga sýna að þeir sjálfir eru undir þá sök seldir er þeir bera á aðra félaga, í málefnalegri réttlætingu" flótta" síns.

En hví skyldi málefnaleg umræða, gagnrýni og sjálfsgagnrýni á stefnu og starfstíl KFÍ/ML, tákna skipbrot flokksins, eins og Verkalýðsblaðið heldur fram. Er það kannski skilningur blaðsins að slík umræða sé andstæð marx-lenínismanum? Þótt nokkrum félögum hafi reynst umræðan um megn, táknar það ekki að henni sé lokið. Henni lýkur aðeins með flokknum í heild

EIK-ml hefur frá stofnun haldið uppi harðri hríð að KFÍ/ML (og Ksml, áður) og sakaði hann um vinstrihentistefnu. Erfiðar hefur þeim hins vegar gengið að finna þeirri fullyrðingu stað. Í fyrstu snerust ásakanirnar um afstöðuna til höfuðmóthverfunnar, en seinna komust félagar í Eik að því með hjálp systurflokka á Norðurlöndum, að afstaða þeirra var röng og gerðu upp við hægrihentistefnu í því máli. Og ef notað er orðalag Eik-ml um afstöðubreytingu KSML í uppgjöri við vinstrihentistefnuna, "tóku upp orðrétt skilgreiningu KFÍ/ML í höfuðdráttum". Nú er stéttgreiningin gagnrýnd og ekkert tillit tekið til að innan flokksins fer fram umræða um fyrri stéttgreiningu hans og línu hliðstæða afstöðu Eik, en báðar þessar línur eru studdar rökum frumkvöðlanna og baráttureynslu heimshreyfingarinnar, í mismunandi mæli þó. En rúsínan í pylsuendanum í gagnrýni Eik er svo krafan um að flokkurinn lýsi yfir að KSML hafi aldrei verið marx lenínsk samtök.

Hámark hinnar "málefnalegu" gagnrýni Eik birtist svo í Rauðliðanum nr. 2 '76, undir fyrirsögninni "Athugun á stefnuskrá KFÍ/ML og baráttunni fyrir marx-leníniskum kommúnistaflokki". Ef undan eru skildir nokkrir umræðupunktar, sérstaklega hvað varðar kommúnistaflokka almennt og stéttagreiningu, þá er greinin uppfull af útúrsnúningi á orðalagi á borð við: "Hér er ekki sagt.... aðeins talað almennt um" Kórónan á gagnrýnina er svo: "Hins vegar er það verkefni í heila grein að sýna fram á hvernig margar kröfur KFÍ/ML komu upphaflega framhjá Eik (ml)."

Við skulum vona að þeir félagar láti verða af því að skrifa þá grein og kitla með því samtaka eigingirni sína enn frekar í stað þess að fagna sameiginlegri marx lenínískri línu þessara tveggja samtaka.

Loks kemur svo að hinni óbilgjörnu kröfu Eik, um að KFÍ lýsi yfir að forveri flokksins hafi aldrei verið marx lenínísku heldur alla tíð hálf-trotskíísk glæpasamtök. Á sama tíma bendir Eik á í greininni, á eigin tilkomu, við sigur trotskíismans í Fylkingunni: "Eik eru fyrstu marx-lenínísku samtökin á Íslandi. Þau urðu til í baráttunni gegn endurskoðunarstefnunni í FBK og KSML. Samtökin hafa verið hluti heimshreyfingarinnar allt frá upphafi starfs síns. Eik báru nokkuð með sér að endurskoðunarstefnu FBK í fyrstu og gerðu allmargar alvarliegar villur í starfi 1975-76. Mátti rekja þessar villur til alvarlegrar endurskoðunar samtakanna eins og þeir sjálfir segja "Í baráttu tveggja lína innan samtakanna hefur marx -lenínisminn alltaf haft undirtökin". þrátt fyrir endurskoðunarstefnuna og hinar alvarlegu villur í starfi. En slíkt hið sama getur auðvitað ekki átt við KSML, þrátt fyrir sigur marx-lenínismans þar.

Í fyrrnefndu tbl. Verkalýðsblaðsins er svo ekki hikað við að ljúga um eða þegja yfir almennu pólitísku starfi KFÍ/ML, til að varpa glæstri birtu á "Einingarsamtökin" og starf þeirra. Eik (ml) gerir mikið af því að skora á "heiðarlega félaga" innan KFÍ/ml að ganga til liðs við sig. En ég vil að lokum skora á alla marx-lenínista að láta af því að skemmta endurskoðunarsinnum með tilhæfulausum óhróðri og samtakaeigingirni, og ganga heiðarlega fram til umræðu um starfræna og málefnalega einingu á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar miðstjórna KSML og EIK-ml, frá því í apríl 1976.

"Heiðarlegur félagi."



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN

9. tbl. 6. árg. 15/3 1977

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l

STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega

Sími: 27810
Gíró 27810-6.

Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

Landbúnaðarmál

Fjórða grein!

Bœndur flosna upp

Vá er fyrir dyrum í íslenskum landbúnaði. Fleiri og fleiri bændur bregða búi. Kaup er lágt, vinnutíminn langur, hert er að lánskjörum til framkvæmda, kostnaður eykst í sífellu, æ erfiðara er fyrir ungt fólk að hefja búskap, bændur neyðast til þess að vinna einhver önnur störf með til þess að hafa í sig og á, kúabúskapur minnkar og mjólkurframleiðsla dregst saman svo að ekki er hægt að framleiða nægan ost til að flytja út. Og svona mætti lengi telja.

Í fyrstu og annarri grein þessa greinaflokks var vikið að launagreiðslum til bænda og bent á að þótt miða eigi laun bænda við laun svo, allaðra viðmiðunarstétta skorti verulega á að það launajafnvægi náist. Oft nái bændur aðeins 70-80% af launum ófaglærðs verkafólks. Líka var bent á að launagreiðslur til bænda drægjust oft úr hömlu og að rekstrarlán væru takmörkuð.

En fleiri atriði verður að skoða til að fá heildarsýn yfir hagi bænda. Fjárfesting í landbúnaðinum er nú orðin gífurleg og rekstrarvörur allar mjög dýrar. Fyrir 30 árum voru laun bóndans og fjölskyldu hans nálægt 75% af því verði sem hann fékk fyrir vörurnar, 25% dugðu til þess að greiða annan kostnað við framleiðsluna. Nú hefur vélvæðing aukist og rekstarkostnaður hækkað, svo að núna þarf 50% af afurðaverðinu til þess að greiða kostnað sem hlýst af öðru en launum bóndans sjálfs.

Nýlega var farið að verðtryggja fjárfestingarlán til bænda. Byggingarlán eru verðtryggð að einum fjórða hluta og eru þau til 15 ára. Dráttarvélalán eru verðtryggð að hálfu Þau eru til 6 ára. Þessa er ekki farið að gæta að ráði enn þá, en á örugglega eftir að hafa alvarlegar afleiðingar. Auk þess hefur það verið verulegum erfiðleikum bundið að fá næg lán síðustu ár.

Allt þetta veldur því, að ýmsir bændur hafa neyðst til þess að vinna önnur störf samhliða búskapnum, til þess að hafa í sig og á, svo fremi að aðra vinnu sé að fá. Eftir tilkomu Kísiliðjunnar og fleiri atvinnufyrirtækja í Mývatnssveit hafa allmargir bændur hætt búskap eftir að vera búnir að vinna í nokkur ár við verksmiðjuna eða annað með búskapnum. Í stað þess að vera sjálfstæðir bændur eru þeir nú orðnir launavinnumenn, háðir duttlungum atvinnurekenda.

Yfirleitt leggst kúabúskapurinn niður þegar bændur fara í aðra vinnu. Kýr eru mikið meira bindandi en sauðfé. Ekki má skeika nokkru hvenær kýrnar eru mjólkaðar og þeim gefið, a.m.k. ekki ef vel á að vera. Og bóndinn er bundinn við þær allan ársins hring.

Sauðfé gefur vissulega meira svigrúm. Það er 3 mánuði á fjalli á hverju sumri og hirðing þess er ekki eins mikið nákvæmnisverk og hirðing á kúm. Hins vegar skilar góð umhirða við sauðfé meiri afrakstri en léleg umhirða og bóndinn, sem vinnur utan búsins, verður fljótlega þreyttur á þessari tvöföldu vinnu og tekur þá vinnuna með hærri launum og styttri vinnutíma í flestum tilvikum fram yfir.

Margir hætta kúabúskap vegna tankvæðingarinnar. Bændur, sem höfðu 2-3 kýr í litlu fjósi, standa frammi fyrir þeim vanda að auka kúabúskapinn, fá sér tank og byggja nýtt fjós eða þá að láta kýrnar. Þar sem það er milljónafyrirtæki að fá sér tank og að byggja nýtt fjós verður seinni kosturinn oftast nær fyrir valinu. Þannig vegur tankvæðingin í allri sinni dýrð að smábændum.

Oft heyrist um það rætt, að mikið fjármagn þurfi til þess að hefja búskap í sveit og er ekki ofsögum af því sagt. Í bæklingi, sem Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins hefur gefið út, eru sett upp tvö dæmi um kostnað við að byrja búrekstur. Er annarsvegar miðað við 400 kinda bú en hinsvegar 30 kúa bú auk nauðsynlegs uppeldis.

Kostnaðurinn er þá talinn þessi

	Sauðfjárbú Kr.	Kúabú kr.
Land	1.000.000-	1.000.000-
Ræktun, 30 ha	3.000.000-	3.000.000-
Byggingar	9.000.000-	8.500.000-
Vélar og tæki	5.500.000-	6.000.000-
Bústofn	4.000.000-	2.000.000-
	22.500.000.-	20.500.000-
Íbúðarhús	10.000.000-	10.000.000-
Alls	32.500.000-	30.500.000-
Lán eru fáanleg sem hér segir:		
Jarðakaupalán	1.600.000-	1.600.000-
Ræktunarlán	600.000-	600.000-
Byggingar	5.200.000	4.600.000-
Vélalán	800.000-	800.000-
Bústofnakaupalán	1.232.000-	591.800-
	9.432.000-	8.191.800-
Íbúðarhúsalán	2.300.000-	2.300.000-
Alls	11.732.000-	10.491.800-
Lán % af heildarkostnaði	36	34

Í þessum útreikningum er við það miðað, að allt sé byggt frá grunni og keypt nýtt. Þótt tölurnar séu ekki alveg nákvæmar þá sýna þær þó nokkurnveginn rétta mynd af fjárfestingarkostnaðinum. Opinber framlög út á ræktun og byggingar eru dregin frá framkvæmdakostnaði.



Ær að kara lömbin sín tvö. Sauðburðurinn er í maí. Þá er mikið annríki hjá bændum, oft er vökutíminn 18-22 stundir á sólarhring því að hvert lamb sem deyr táknar 5-10 þús. kr. skaða.

Leiðrétting

Í síðasta blaði urðu þau meinlegu mistök að nokkur línubrengsl urðu í nokkrum greinum. Meinlegust eru þó mistökin í greininni um niðurgreiðslurnar þar sem útkoman er sú að bætt kjör verkafólks sé sama og hækkandi vísitala. Verður því sá hluti greinarinnar sem fjallaði um niðurgreiðslurnar birtur á ný:

En hvað með allan áróðurinn um dýru íslensku landbúnaðarvörurnar og ódýru útlendu landbúnaðarvörurnar? Miðað við kaupgetu verkafólks á Íslandi eru íslenskar landbúnaðarvörur dýrar, það vita allir. En kaupgeta verkafólks er engin óbreytanleg stærð sem ákveðin var í eitt skipti fyrir öll við sköpun heimsins.

Verkafólk berst sífellt fyrir bættum kjörum sínum og það er ekki nema sanngjarnt að verkafólk fái svo hátt kaup að það geti keypt landbúnaðarvörur fullu verði án niðurgreiðslu. Íslenskar landbúnaðarvörur eru góðar vörur og þær eru ekki dýrar sé miðað við hinn langa vinnudag íslenska bóndans. Landbúnaðarvörur eru niðurgreiddar til þess að lækka verð þeirra. Niðurgreiðslur eru auknar ef komast þarf hjá því að vísitalan hækki eða fari yfir "rauðu strikin" svonefndu. Niðurgreiðslur eru á hinn bóginn minnkaðar ef stjórnvöldum þykir henta, án minnsta tillits til hagsmuna neytenda. Þannig valda niðurgreiðslur ætíð óeðlilegum verðsveiflum, verðsveiflum sem eru ekki í samræmi við raunverulegan framleiðslukostnað vörunnar. Þessar verðsveiflur eru óhagkvæmar, bæði fyrir framleiðendur og neytendur.

Algengur misskilningur er að halda að bændur fái niðurgreiðslurnar greiddar út í hönd og talað er um að bændur kaupi mjólk frá mjólkurbúunum á lægra verði en þeir seldu hana þangað. Eins og er þá er niðurgreiðslan um það bil jafnvirði vinnslu-og dreifingarkostnaðar mjólkurinnar.

Auk þess þarf að leggja út fé til reksturs í 1 1/2-2 1/2 ár eins og rakið var í grein númer 2. Oft hjálpuðu kaupfélögin úti á landi þegar svona stóð á en nú hefur verið krepppt svo að smæstu kaupfélögunum, að þau eru nær ófær um að veita aðstoð í þessum mæli.

Frá baráttuhreyfingu námsmanna

Í vetur hefur allmargt fólk úr ýmsum skólum myndað með sér samtök sem nefnd hafa verið Baráttuhreyfing Námsmanna (BHN). Í þessum samtökum var í haust skipulögð barátta fyrir því að námsmannahreyfingin í heild tæki upp baráttustefnu við ríkisvaldið í kjaramálunum í stað þeirrar sátta-og samvinnustefnu sem m.a. átti sinn þátt í að ólánslögin voru sett sl. vor. BHN hefur lagt á það mikla áherslu að berjast beri gegn verðtryggingu námslánanna.

Í allt haust bar lítið á þeirri skoðun meðal annarra en félaga í BHN og SÍNE, en á ráðstefnu, sem haldinn var í Kennaraháskólanum í desember heyrðust varla aðrar raddir en samhljóða stefnu BHN.

Í febrúar samþykktu vinstri menn í Háskólanum kosningastefnuskrá sína og var hún í öllum meginatriðum samhljóða sem BHN-félagar hafa barist fyrir í allt haust að tekin yrði upp í námsmannahreyfingunni. En enn hefur Kjarabaráttunefnd (KBN) ekki tekið upp nýja stefnu opinberlega.

Snemma á þessu ári komu upp 2 raddir um það hvað BHN bæri að gera. Félagi úr EIK og einn klofningsmanna úr KFÍ lögðu eftirfarandi til:

"Samtökin heita Baráttusamtök námsmanna (BSN) og eru samfylking námsmanna um kjaramál. Þar sem svo harkalega er nú vegið að námsmönnum, er brýnasta verkefnið skipulagning fjöldabaráttu. Markmið samfylkingarinnar er því í stuttu máli þessi: að sameina sem flesta námsmenn til baráttu, án tillits til pólitískra skoðana, gegn kjaraskerðingum ríkisvaldsins, á grundvelli raunverulegra hagsmuna námsfólks og allrar alþýðu, fyrir efnahagslegu jafnrétti til náms.

Til að geta myndað raunverulega breiðfylkingu námsmanna er nauðsynlegt að móta réttar og einfaldar kröfur, sem eru til þess fallnar að sameina sem flesta námsmenn til virkrar baráttu.

Hinn hlutinn taldi "breiðfylkingarsjónarmið eingöngu leiða til klofnings námsmannahreyfingarinnar" og "að það væri rangt að reyna að stafna breiðfylkingu utan við KBN og skólafélögin og þeim til höfuðs". Ennfremur:"BHN sé skipulögð hreyfing sem samtengjari námsmanna í öllum skólum. sem vilja berjast fyrir róttækri og verkalýðssinnaðri baráttustefnu í málefnum námsmanna" og að hlutverk BHN sé fyrst og fremst að samræma baráttuna og skipuleggja.

EIKarar og klofningsmenn spurðu gjarnan:"Hví störfum við þá ekki bara innan Verðandi (félags róttækra í H. Í.)?" og gleymdu þannig að til eru fleiri skólar en Háskólinn.

Rétt er að taka fram að allir voru sammála um að þessar væru meginkröfur námsmanna:
1. Námslán nægi til framfærslu meðan á námstíma stendur
2. Verðtrygging á endurgreiðslum námslána verði felld niður.

Sigur!



Ingólfur

Í kosningum til stúdentaráðs Háskóla Íslands á fimmtudag í síðustu viku unnu vinstri menn stórsigur.

Fengu 8 menn af 13, sem kosið var um, en Vaka félag lýðræðissinnaðra stúdenta (raunverulega útibú íhaldsins í HÍ), fékk 5 menn. Unnu vinstri menn einn mann af Vöku. Stéttabaráttan náði tali af einum frambjóðenda vinstri manna, Ingólfi Á. Jóhannessyni og rabbaði við hann um úrslitin.

-Hvers vegna sigruðu vinstri menn í kosningunum?

-Ég er mjög undrandi, satt að segja. Ég hafði ekki búist við að við ynnum mann af Vöku þrátt fyrir að mér dytti ekki í hug að við töpuðum manni. Vinstri áttu í vök að verjast eftir mistökin í lánamálunum í fyrra. En sigurinn sýnir að almennir stúdentar treysta vinstri mönnum betur en Vökustaurum eftir að vinstri menn hafa hafnað undansláttarstefnunni sem fólst í því að samþykkja verðtryggingu. Við marxistar-lenínistar, sem tökum þátt í samfylkingu vinstri manna, lögðum einmitt á það mikla áherslu að hefja baráttu gegn verðtryggingu. Ég held líka að úrræðaleysi Vöku og ábyrgðarlaus gagnrýni þeirra hafi valdið miklu. Á veggspjöldum lýstu þeir yfir þeirri skoðun sinni að allar aðgerðir sem Stúdentaráð og Kjarabaráttunefnd gripu til hafi verið gagnslausar eða skaðlegar. Á meðan voru Vökumenn aðgerðarlausir og þrátt fyrir að sumt af gagnrýni Vökumanna kunni að standast þá kunna almennir stúdentar vel að meta þá viðleitni sem sýnd var. Enginn treystir Vöku til að berjast við móðurflokkinn, Sjálfstæðisflokkinn.

-Hvað um afstöðu fylkinganna til fjöldatakmarkana?

-Vaka setti fram þá stefnu að ef til fjölkatakmarkana yrði að grípa skyldu stúdentar krefjast þess að "þær yrðu sem skástar". Við vinstri menn teljum að svona yfirlýsing svona stefna, sé til þess eins fallin að gefa ríkisvaldinu færi á okkur. Þetta er að mínum dómi sambærilegt við undansláttinn í vísitölumálinu. Vinstri menn hafa lært af reynslunni, ríkisvaldinu má ekkert færi gefa. Hefja verður óvægna baráttu gegn fjöldatakmörkunum og fyrir frjálsu námsvali. Einungis með óvæginni baráttu getum við vænst einhverra sigra

-Hvers vegna bauðstu þig fram?

-Kommúnistar hafa alltaf og

Aðalfundur KÍM 23 mars

Aðalfundur Kínversk-Íslenska Menningarfélagsins verður haldinn 23. mars næstkomandi klukkan 20.00 að Hótel Esju, annarri hæð. Dagskrá fundarins, er skýrsla síðasta starfsárs og starfsáætlun komandi árs, en það er 25. afmælisár KÍM. Þá verða almennar umræður um skýrslu stjórnarinnar og að því búnu kjör nýrrar stjórnar. Sýnd verður nýleg fréttamynd frá Kína, sem félagið hefur fengið nýverið. Allir félagar Kínverska-Íslenska Menningarfélagsins eru hvattir til að mæta á aðalfundinn.

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað